

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um aðgerðir til stuðnings við starfsemi
Alþjóðlega sakamáladómstólsins fyrir fyrrum lýðveldi Júgóslavíu.**

1. gr.

Heiti reglugerðar nr. 904/2009 verði:
Reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Serbíu.

2. gr.

Eftirfarandi málsgreinar komi í stað 1. og 2. mgr. 1. gr.:

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins varðandi Serbíu byggja á eftirfarandi gerðum:

- Sameiginleg afstaða 2000/696/SSUÖ frá 10. nóvember 2000 um að viðhalda vissum þvingunaraðgerðum sem beinast gegn herra Milosevic og aðilum sem honum tengjast.
- Sameiginleg afstaða 2001/155/SSUÖ frá 26. febrúar 2001 um breytingu á sameiginlegrí afstöðu 2000/696/SSUÖ um að viðhalda vissum þvingunaraðgerðum sem beinast gegn herra Milosevic og aðilum sem honum tengjast.
- Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2488/2000 frá 10. nóvember 2000 um að viðhalda frystingu fjármuna varðandi herra Milosevic og þá aðila sem honum tengjast.
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu, í fyrsta sinn, á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2488/2000 um að viðhalda frystingu fjármuna varðandi herra Milosevic og þá aðila sem honum tengjast.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. hljóði svo:

Einstaklingum, sem tilgreindir eru í viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu.

4. gr.

Ákvæði 3. gr. hljóði svo:

Frista skal fjármuni og efnahagslegan auð í eigu aðila sem tilgreindir eru í viðauka.

5. gr.

Heiti I. viðauka verði: Viðauki – Listi varðandi landgöngubann og frystingu fjármuna.

1. og 2. hluti I. viðauka falli niður.

Fyrirsögnin; „3. 2001/155/CFSP (Serbia og Svartfjallaland)“ falli niður.

II. viðauki falli niður.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 18. júlí 2014.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Einar Gunnarsson.